



# Fyrir veitingastaði vegna COVID-19

## Góð ráð til stjórnenda

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mælist til að veitingastaðir fylgi leiðbeiningum frá Embætti landlæknis og setji í gang eftirfarandi verklag til að koma í veg fyrir að smit berist milli manna:

- Takmarka skal fjölda viðskiptavina á veitingastað svo þeir geti haldið 2 metra bili á milli sín.
- Hafið handspritt og/eða handþvottaðstöðu við alla innganga.
- Ef grímuskylda er á veitingastaðnum, skal tryggja að allir viðskiptavinir og starfsmenn noti grímur, auk þess sem leiðbeina skal starfsfólki og viðskiptavinum um rétta grímunotkun.
- Hvetjið viðskiptavini til að koma ekki inn á staðinn, hafi þeir einhver sjúkdómseinkenni, og nýta þá frekar heimsendingarþjónustu eða að fá matinn í bílinn.
- Hvetjið viðskiptavini til að halda 2 metra bili á milli sín þegar þeir standa í röð t.d með áberandi skiltum i verslun.
- Óski viðskiptavinur eftir að borða á staðnum skal hann geta setið við borð, ekki matast standandi. Tryggja skal að lágmarki sé 2 metra bil milli borða.
- Upplýsa skal viðskiptavini með áberandi skilti um góð ráð til að hindra smit á veitingastaðnum.
- Tryggið góða útloftun í öllum rýmum.
- Tryggið að starfsmenn með sjúkdómseinkenni komi ekki til vinnu. Sjá leiðbeiningar um einkenni á heimasíðu Embættis landlæknis.
- Passið upp á þrif á algengum snertiflötum – bæði á heimilum og vinnustað, leggið m.a. áherslu á síma, hurðarhúna, spjaldtölvur, lyklaborð.
- Tryggið að starfsmenn getið haldið fjarlægð, bæði sín á milli og við viðskiptavini.
- Starfsmenn skulu ekki deila matvælum á kaffistofu starfsmanna.
- Ávallt skal tryggja gott persónulegt hreinlæti og fara eftir umgengnisreglum.